

AUGLÝSING**um hægri umferð.**

Að fenginni tillögu framkvæmdanefndar hægri umferðar, sbr. 17. gr. laga nr. 65 13. maí 1966 um hægri handar umferð, er hér með ákveðið, að ákvæði 1. gr. laganna skuli koma til framkvæmda sunnudaginn 26. maí 1968 kl. 06.00 að morgni.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 9. ágúst 1967.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

Nr. 129.

9. ágúst 1967.

AUGLÝSING**um umferð í Kópavogi.**

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 26, 1958 sbr. 2. og 3. mgr. 48. gr. og 2. mgr. 66. gr. sömu laga, að fengnu samþykki bæjarstjórnar Kópavogs, hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Umferð um Skálaheiði víki fyrir umferð um Álfhólsveg.
2. Einstefnuakstur verði um Mánabraut, þannig að ekið verði frá austri til vesturs um brautina.

Ákvarðanir þessar taka þegar gildi, enda hefur viðeigandi umferðarmerkjum verið komið fyrir á Skálaheiði við Álfhólsveg og á Mánabraut.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 9. ágúst 1967.

Sigurgeir Jónsson.

Nr. 130.

10. ágúst 1967.

AUGLÝSING**um friðlýsingu nokkurra plöntutegunda.**

Samkvæmt tillögu Náttúruverndarráðs og heimild í b-lið 1. gr. laga nr. 48/1956, um náttúruvernd, hefur verið ákveðið að friðlýsa eftirtaldar plöntutegundir þar, sem þær vaxa villtar hér á landi:

1. Dvergtungljurt (*Botrychium simplex*).
2. Skeggburkni (*Asplenium septentrionale*).
3. Svartburkni (*Asplenium trichomanes*).
4. Klettaburkni (*Asplenium viride*).
5. Tunguskollakambur (*Blechnum spicant* var. *fallax*).
6. Hliðaburkni (*Cryptogramme crispa*).
7. Burstajafni (*Lycopodium clavatum*).